

# SYKURSÝKI - VINNUFERLI

Nemandi með sykursýki þarf sérstakt eftirlit í skólanum. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga ef nemandi er greindur með sykursýki.

## Viðtal við nemanda og foreldri

- Fá upplýsingar um sykursýki nemanda, t.d. blóðsykursstjórnun, einkenni sykurfalls og lyfjagjafir
- Fá öll símanúmer foreldra
- Fá leyfi foreldra til að upplýsa starfsfólk skólans um sjúkdóminn
- Fá mynd af nemanda til að geta sýnt starfsfólki skólans
- Biðja foreldra um hypostop gel til að hafa í skólanum
- Foreldrar sjái um að hypostop gel sé í skólatöskunni ásamt blóðsykursmæli og hönskum
- Bjóða foreldrum að fræða bekkjarfélaga og ef til vill foreldra þeirra um sykursýki.

## Útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk skólans þar sem fram kemur:

- Nafn og bekkur nemanda
- Símanúmer foreldra
- Einkenni blóðsykursfalls, til dæmis
  - skjálfti, sviti sljóleiki, höfuðverkur, óróleiki, meðvitundarleysi.
- Hvað á að gera ef einkenni blóðsykursfalls koma fram (sjá fylgiskjal nr. 92b).
- Staðsetning hypostop gels í skólanum.

## Upplýsa alla starfsmenn skólans um sykursýki nemandans

- Segja frá sykursýki nemandans og sýna mynd af honum
- Kynna leiðbeiningar og viðbrögð fyrir starfsfólki skólans
- Fara yfir hvað skólinn getur gert fyrir nemandann, til dæmis:
  - Veita svigrúm svo nemandi komist út úr tíma til að mæla blóðsykur
  - Veita svigrúm svo nemandi geti fengið sér að borða þó ekki sé nestistími
  - Veita sérstaka aðgæslu í leikfimi og sundi
  - Upplýsa að blóðsykursfall í prófi getur haft áhrif á niðurstöður prófa
  - Tryggja aðgengi nemanda að sykrudum djús eða þrúgusykri

Gott er safna saman á einn stað leiðbeiningum fyrir starfsfólk um eftirlit nemanda með langvinn veikindi sem allt starfsfólk skólans þarf að að vita af. Þetta gæti til dæmis verið í möppu sem geymd er á kennarastofunni og starfsliði er sýnd á hverju hausti og hvatt til að kynna sér. Í stórum skólum má reikna með að þetta sé nokkur fjöldi nemanda og því er mikilvægt að skipulagið sé pottþétt. Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir um hvernig að málum sé staðið.